

Alþingi
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
(sent á rafrænu formi)

Ísafirði 2. desember 2013

143. löggjafarþing, mál 153 lagafrumvarp *stjórn fiskveiða (aflahlutdeildir í rækju)*.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga vísar til ályktunar 58. Fjórðungsþings Vestfirðinga um efni frumvarpsins.

Aflamark úthafsrækju

58. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Trékyllisvík dagana 11. og 12. október 2013 hafnar alfarið þeirri leið sem ráðherra sjávarútvegsmála hefur boðað í úthlutun aflamarks í úthafsrækju. Verði fyrirætlanir ráðherra samþykktar verður það til stórtjóns fyrir rækjuðnaðinn á Vestfjörðum.

Í ályktun Fjórðungsþings er vísað boðaðra hugmynda sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra sem fram höfðu komið í fjölmiðlum m.a. um skiptingu aflahlutdeildar samanber, a. og b. lið 1. gr frumvarpsins.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa ályktað um efni frumvarpsins;

Ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 17. október 2013

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hafnar alfarið þeirri leið sem ráðherra sjávarútvegsmála hefur boðað í úthlutun aflamarks í úthafsrækju. Ljóst má vera að verði fyriráætlanir ráðherra samþykktar verði það til stórtjóns rækjuðnaðarins á Vestfjörðum.

Veiðar á úthafsrækju voru upphaflega byggðar upp að verulegu leyti af rækjuvinnslum við Ísafjarðardjúp á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Þegar aflamark var sett á úthafsrækju var því einungis úthlutað til skipa, en vinnslan fékk enga hlutdeild í því. Á síðustu árum hafa úthafsrækjuveiðar aftur verið byggðar upp að stórum hluta kringum rækjuvinnslur á Vestfjörðum. Í annað sinn ætla stjórnvöld að svipta fyrirtæki og starfsfólk rækjuvinnslunnar á Vestfjörðum afrakstri uppbyggingarinnar. Slíkt er algerlega óásættalegt.

Skynsamlegasta leiðin út úr þeim ógöngum sem stjórnvöld eru komin í varðandi úthlutun veiðiréttar á úthafsrækju er að leigja út veiðiheimildir til þeirra sem byggt hafa upp veiðarnar á síðustu árum og láta arðinn skiptast jafnt á ríkið og sveitarfélög þar sem rækjan er unnin.“

Bókun sveitarstjórnar Strandabyggðar frá 12. nóvember 2013.

„Starfsemi Hólmadrangs skipar afar mikilvægan sess í atvinnulífi Strandabyggðar. Sveitarstjórn Strandabyggðar lýsir yfir eindregnum stuðningi við sjónarmið fyrirtækisins varðandi starfsumhverfi rækjuíðnaðar á Íslandi, eins og því er lýst í bréfi sem Hólmadrangur sendi Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þann 28. október 2013.“

Með vísan til ályktunar 58. Fjórðungsþings Vestfirðinga og ályktana sveitarfélaga þá leggst stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga alfarið gegn samþykkt frumvarpsins. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur þess í stað til að lögum um fiskveiðistjórnun verði breytt í samræmi við tillögu Ísafjarðarbæjar, en jafnframt verði gerð ítarlegri greining á þjóðhagslegum áhrifum frumvarpsins, með vísan til meðfylgjandi greinargerðar.

Greinargerð.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir ánægju með þá nýbreytni sem kemur fram í 5. kafla greinargerðar frumvarpsins þar sem lagt er mat á áhrif frumvarpsins á ákveðna þætti. Um leið lýsir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga miklum vonbrigðum hve þröngt sjónarmið er notað við mat á þjóðhagslegum áhrifum sem leiði til þess að neikvæð áhrif eru metin engin. Hér verði að leggja mun meiri áherslu á að meta sértæk áhrif frumvarpsins á samspil vinnslu hráefnis og þeirra byggðarlaga þar sem vinnsla og veiðar á rækju hafa umtalsvert eða mikið vægi.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga bendir á að rækjuíðnaður er ólíkur annarri úrvinnslu sjávarafurða á Íslandi. Sérstaðan felst í að í stað þess að byggja á eingöngu á afla af miðum við Ísland, er jöfnum höndum byggt á úrvinnslu á innlendu fersku og frosnu hráefni og með innfluttu frosnu hráefni. Þegar afli innanlands hefur dregist saman hefur vinnsla verið byggð á innfluttu hráefni og með þeim hætti viðhaldið þekkingu á sérhæfðri tækni og nýsköpun við úrvinnslu afurða. Þannig hefur vinnslan náð að skapa verðmæti og störf sem ekki væru annars til staðar á Íslandi og ekki síst skapað útgerð stöðugri markað fyrir landaðan afla í úthafs rækju og innfjarðarrækju. Í grunninn væri ekki hægt að stunda slíka útgerð ef vinnsla væri ekki til staðar því viðkvæmt hráefni er ekki unnið nema í nálægð við vinnslustöðvar. Veiðistjórnun ætti því fremur að taka mið af sjónarmiðum vinnslu og þar með byggðarlaga fremur en útgerðar.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga bendir á, að vegna þessarar sérhæfingar þá eru fáir aðilar sem hafa þekkingu til úrvinnslu afurða úr rækju og fá byggðarlög þar sem vinnsla fer fram í dag þ.e. á Ísafirði, Hólmavík, Grundarfirði, Hvammstanga, Sauðárkróki og Siglufirði. Rækja var unnin á fleiri stöðum fyrr á árum þegar afli var mun meiri, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu. En telja verður að þau byggðarlög þar sem vinnsla er enn til staðar, byggi á þeim verðmætum sem samspil nálægðar við rækjumið, mannauðs (þekkingar) og vilja og áhuga fyrir að skapa sér sérstöðu.

Við mat á þjóðhagslegri hagkvæmni veiða á rækju verður því að leggja meiri áherslu á meta þjóðhagsleg áhrif á vinnsluþáttinn fremur en útgerðar. Einnig verður að meta þjóðhagsleg áhrif á þau samfélög eiga á hættu að tapa störfum inn í þröngum og einhæfum atvinnumarkað og varanlegu tapi á þekkingu við vinnslu og markaði fyrir afurðir.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að til lengri tíma litið sé það þjóðhagslega hagkvæmara að standa vörð um þá aðila sem standa að vinnslu á rækju. Það eigi að gefa þeim færi að ná stöðugleika og styðja elju þeirra fyrir þessu verkefni fremur en að hafa að hafa sjónarmið útgerðar að meginatriði.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri